

Föstudaginn 17. maí 1996.

Nr. 149/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Sigurjóni Péturssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Áfrýjun opinberra mála. Áfrýjunarfrestur. Frávísun máls frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1996. Í stefnunni kemur meðal annars fram, að málinu sé áfrýjað af hálfu ákærða, en jafnframt af ákærvaldsins hálfu til frávísunar málsins frá Hæstarétti. Að öðru leyti hefur ákærvaldið ekki uppi aðrar kröfur í málinu en þær, að ákærði verði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærði krefst þess, að hrundið verði kröfu ákærvaldsins um frávísun málsins og allur sakarkostnaður felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda. Ákærði hefur ekki gert frekari kröfur fyrir Hæstarétti.

Við uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms 22. mars 1996 voru viðstaddir ákærði og skipaður verjandi hans. Var bókað í þingbók, að ákærði áfrýjaði málinu, án þess að tilgreint væri, í hvaða skyni. Við birtingu áfrýjunarstefnu 22. apríl 1996 lýsti ákærði yfir með áritun á stefnuna, að hann hefði þá fyrst fengið í hendur endurrit dómsins. Hann hefði því ekki getað tiltekið fyrr, í hvaða skyni áfrýjað væri, en áfrýjunin væri reist á a-, b-, c-, d- og e-lið 7. gr. laga nr. 37/1994. Ákærði gerði ekki frekari reka að áfrýjun málsins en hér hefur verið rakið.

Í 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, svo sem henni var breytt með 11. gr. laga nr. 37/1994, er sú óundanþæga regla, að ákærði verði að lýsa yfir áfrýjun héraðsdóms innan áfrýjunarfrests í bréflægri tilkynningu til ríkissaksóknara. Gildir þessi regla án tillits til þess, hvort ákærði sækir þing við dómsuppsögu eða hverju hann kunni að lýsa þar yfir.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, hefur ákærði ekki látið frá sér fara yfirlýsingu um áfrýjun héraðsdóms í lögskipuðu formi. Voru því ekki skilyrði til áfrýjunar af hálfu ákærða. Verður því fallist á kröfu ákæruvaldsins um frávísun málsins frá Hæstarétti og allur áfrýjunarkostnaður felldur á ákærða, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.
